



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

USAIN BOLT FOR **PUMA**[®]
FRAGRANCES

BRING ON THE DAY



green & yellow THE NEW FRAGRANCES BY PUMA.

Við hjá Monitor sendum öllum **fermingarbörnum** landsins okkar bestu kveðjur.

Aldrei fór ég vestur

Davíð Lúther Sigurðarson fann sig knúinn til að setja saman viðburð yfir páskahátíðina með uppáhaldstónlistarmönnum sínum. Ásgeir Trausti og Sísí Ey eru á meðal þeirra sem troða upp á **Páskagleðinni** næsta laugardagskvöld.

„Það er ekki mikið um að vera hér í borginni um páskana, fólk veit ekkert hvert það á að fara eða hvað það á að gera og því datt mér í hug að setja saman tónleika með uppáhaldslistamönnum mínum,“ segir Davíð Lúther Sigurðarson, skipuleggjandi Páskagleðinnar sem fram fer í Listasafni Reykjavíkur næstkomandi laugardagskvöld þar sem margir af heitustu listamönnum í dag munu troða upp. „Þetta byrjar á því að DJ Margeir opnar húsið og svo er aðalnúmerið, Ásgeir Trausti, fyrstur á stökk og þá verður ekki aftur snúið. Þetta fer svo alltaf stighækkandi því á eftir honum kemur Þórunn Antonía, svo Daníel Ágúst og svo koma Sísí Ey í endann og þá ætti þakið að rifna af kofanum,“ segir Davíð sem kveðst halda mikið upp á Listasafnið. „Þetta er, að mínu mati, besti tónleikasalur landsins. Það er alveg sama hvað þú setur þarna inn, stemningin klikkar ekki. Svo skemmir ekki fyrir að við verðum með fánlega flott hljóðkerfi frá Nýherja sem heitir L-acoustics og því ættu allir að geta svitnað vel í Listasafninu,“ segir hann.

Hjálpar fólki að höndla páskaegg

Páskagleðin er nú haldin í fyrsta sinn og segir Davíð hugmyndina að þetta verði árlegur viðburður. Hann segir hátíðina þó alls ekki vera setta til höfuðs „Aldrei fór ég suður“ sem fram fer á Ísafirði um páskana enda sé hann mikill aðdáandi uppbyggingarstarfsins sem Mugison og félagar hafa staðið fyrir þar. „Það er samt alltaf ákveðinn hópur sem fer ekkert úr bænum og þá er Páskagleðin tilvalin fyrir þau,“ segir Davíð. „Þetta er svona Páska-Innipúki eða Aldrei fór ég vestur,“ segir Davíð og hlær. Aðspurður segir Davíð það leyfilegt að fólk fái sér svona daginn fyrir páska-dag. „Heldur betur. Fólk á helst að gera það svo það höndli það að borða heilt páskaegg daginn eftir,“ segir Davíð. Það er því ljóst að fólk sem þráir dúndrandi bassann og þéttan taktinn má alls ekki láta Páskagleðina framhjá sér fara. Miðasala fer fram á miði.is en miðaverðið er 4.900 krónur.

MYNDIN ER EKKI
TEKIN Í FANGAKLEFA

DAVÍÐ LÚTHER

Fyrstu sex: 290583.
Í hádeginu borðaði ég: það sem hendi var næst.
Besti erlendi tónlistar-maðurinn: Bono.
Lag á heilanum þessa stundina: Sísí Ey Ain't Got Nobody.

MONITOR

MÆLIR MEÐ...

FYRIR MINNINGABANKANN

Tónlistarhátíðin **Aldrei fór ég suður** er nú haldin í tíunda sinn. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Mugison-feðgar fengu þá flugu í höfuðið að halda tónlistarhátíð á Ísafirði þar sem aðgangur er ókeypis. Í ár eru Bubbi Morthens, Jónas Sig, Valdimar og Ragga Gísla og Fjallabræður á meðal þeirra sem stíga á stökk og því ljóst að mikið verður um dýrðir í KNH-skemmumni góðu.



FYRIR RAPPHUNDA

19. apríl dregur til stórtíðinda í íslenski rapp sögu. Þá verður haldin, í fyrsta skipti á Íslandi, rappkeppni fyrir þátttakendur, 16 ára og eldri, af öllu landinu. Keppnin, sem nefnist **Rapphulan**, fer fram í Molanum, ungmennahúsi Kópavogs, í nánú samstarfi við Sesar A. Rapphundur landsins eru því hvattir til að skrá sig til leiks á www.molinn.is/rappthulan.



FYRIR SÁLINA

Eftir allt nammiátið getur verið gott að fara út í smástund í léttan **göngutúr** eða skokkhring. Hver veit nema slíkur hringur búi til smáa aukarými fyrir súkkulaðið sem ekki kláraðist fyrr um daginn.



VIKAN Á FACEBOOK



Selma Björns
Mikið hlakka ég til að fara á Aldrei fór ég suður í fyrsta sinn. Flott tónlistarfólk á ferð í ár.
23. mars kl. 21:21



Blaz Roca
Ég og Ágúst Bent erum að meta sluttu lúkkið í kvöld. netahlýrabolur og melluband. ekki dæma, við erum legends í beddsanum.
23. mars kl. 22:41



Kjartan Atli Kjartansson
Hvað eiga Gylfi Sigurðsson og Ásta B. Gunnlaugsdóttir sameiginlegt?
- Bæði góð að smella í Samúel. ...einn frumsaminn og brakandi ferskur.
23. mars kl. 2:30



Atli Fannar Bjarkason
Ég hafði aldrei á sáminni fengið Adda Fannari — þangað til í dag. Á hinni línunni var Helgi Björns.
22. mars kl. 15:54

www.facebook.com/monitorbladid

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 9** ár eru síðan Aldrei fór ég suður var haldin í fyrsta sinn
- 6** hafnfirskar hljómsveitir hafa sigrað Músíktílaunir
- 10** tónlistarmyndbönd skarta Emmsjé Gauta á einhvern hátt
- 18** sinnum hafa MR-ingar unnið Gettu betur-keppnina

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnars-son (hilmar@monitor.is) **Bláðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýs-ingadeild Árvakurs (augl@mbi.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbi.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞÁ MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Hvað gerðist hjá Jesú?

Mig langar til þess að byrja á því að rita nokkrar þakklætislinur hér í þessum annars stutta pistli mínum. Monitor-vefurinn hefur nú verið í loftinu í viku og hafa viðbrögðin verið framar okkar björtustu vonum. Slík viðbrögð virka auðvitað eins og hið finasta eldsneyti og hvetja okkur til þess að spýta í lófa og gera enn betur. Ég vona að þið getið áfram haft gagn og gaman af því að lesa afþreyingarefnið sem við höfum upp á að bjóða.

Annað í þessu. Páskarnir eru gengnir í garð (í hvaða garð veit ég ekki nákvæmlega og eins hef ég ekki séð páskana ganga en það væri ákaflega forvitnilegt að sjá) og flestir halda í páskafrí og taka sér örstutt frí frá amstri hversdagsins. Ég hlustaði á tvo sérfræðinga ræða hátíðina í útvarpinu á mánudaginn var og þá kom í ljós að þeir voru ekki alveg með á hreinu hvað gerðist um þetta leyti á tímum frelsarans.

Mjög gott er að þekka söguna og því langar mig að rifja hana upp í stuttu máli.

Pálmasunnudagur tilheyrir ekki beinlínis páskunum en er viss aðdragandi þeirra en þá kom Jesús til Jerúsalem. Á skírdegi borðaði Jesús í síðasta sinn með lærisveinum sínum. Júdas sveik Jesús í Getsemane-garðinum í hendur æðstu presta gyðinga.

Messías var á föstudaginn langa sakaður um svik við Rómverja, sem réðu yfir Ísrael á þessum tíma, og rómverski landshöfðinginn Pontíus Pílatus yfirheyrði hann. Jesús var dæmdur til að krossfestast á hæðinni Golgata (Hauskúpustað), rétt hjá Jerúsalem. Þegar hann var dæmdur var líkið lagt í klettagröf. Á sunnudagsmorgni, þriðja degi eftir dauða Jesús, sáu menn að gröfin hans var tóm. Jesús hafði risið upp frá dauðum. Þann dag köllum við páska-dag. Og þar hafði þið það.

Alveg vona ég það innilega að páskarnir verði ljúfir hjá ykkur, málshættimur snilld og faðmur fjölskyldunnar hlýr. Þessi pistill er tileinkaður mömmu eins og sjá má á upphafsstöfum hverrar efnisgreinar.

Ykkar einlægur, Jón Ragnar





@mokkiliti Skiptum út pabba fyrir Frikka Dór!!! @frillson #ellllskahann #vpm20ára #monitormynd #afmæli



@valahaldorsdottir Dear #Iceland I heard on the Icelandic news that you're preparing for volcanic eruption in Mount #Hekla Can you please delay it until I'm back home in Iceland for easter, thanks. #latergram



@asgeirorri Heyrðu hér er bara maður með gasgrímu að lyfta við hliðina á mér eins og ekkert sé eðlilegra? #hvaðioskopunum #pinuhræddurialvörunni #slipknötiræktinni



#monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! Margrét Erla Maack á mynd vikunnar að þessu sinni því systir hennar átti afmæli og hashtaggið í síðustu viku var einmitt #afmæli



@unistefson Með bræðrum mínum í London // With my brothers #retrostefson #shesaidtour2013 #offday



@asdisran New bullet proof spring nailpolish! Can't fail ;)



@stebbinson Ice Cold, D. Alvin og Kraxel peppa jarðarberja-svala af Instafréttamönnum #icecoldstudios #kristmunduraxe1 #stefanatli #IngiBauer #monitormynd



@smalinn Byrjað að setja upp sviðið fyrir Aldrei fór ég suður #aldrei2013 #vestfróir



@sverrirbergmann Bullið sem vellur úr höndunum á manni



@egillgillz ZweiHard mættir í studiofm957 reiðir og sexy að keyra ykkur inn í páskana!


Ert þú í Instahring Monitor? Bondaðu við okkur með hashtagginu #monitormynd.

Vikulega getur þú svo nælt þér í vinninga með því að notast einnig við hashtag vikunnar.

Hashtag vikunnar 28. mars - 4. apríl er #páskar en hæfleikararíkir Instagrammar gætu nælt sér í gjafabréf á hina einu sönnu Hamborgarafabrikk.



EIN KÖLD KALLAR Á ÞIG



„EINS OG AÐ FÁ SÉR
SJEIK MEÐ BORGARA“

Friðrik, í bragðprófun Monitor

„DANSAR VEL VIÐ
GULRÓTARKÖKUR“

Fannar, í bragðprófun Monitor

Léttmjólk



ANDRI MÁR

Fyrstu sex: 110889.
Uppáhaldstónlistarmaður eða hljómsveit: Í augnablikinu Alt J.
Lagið sem kemur mér í gírinn: Hit that Jive með Gramatik.
Lagið sem ég sofna við: Fiction með The XX.
Lagið á heilanum þessa stundina: Lagið sem við erum að vinna í núna.

MARGRÉT RÁN

Fyrstu sex: 070592.
Uppáhaldstónlistarmaður eða hljómsveit: The XX.
Lagið sem kemur mér í gírinn: Dissolve Me með Alt J.
Lagið sem ég sofna við: About You með XXYEYEXX.
Lagið á heilanum þessa stundina: Retrograde með James Blake.

Langar að keyr'ett'í gang

*Þau **Andri Már Enoksson** og **Margrét Rán Magnúsdóttir** mynda saman rafduettinn **Vök** sem vann á Músíktíraunum um liðna helgi. Þrátt fyrir að hafa bara starfað formlega í rúman mánuð eru þau klár í komandi átök.*

Hvernig byrjaði þetta allt saman?

A Þetta byrjaði tæknilega séð fyrir sjö árum þegar við kynntumst. En við byrjuðum ekki að vinna tónlist saman fyrr en fyrir svona hálfu ári. Við stofnuðum samt ekki sveitina og fundum nafn fyrr en í febrúar og svo fórum við ekki á Facebook fyrr en í gær.
M Við sömduð lögin sem við tókum á Músíktíraunum fyrir rúmum mánuði svo þetta hefur gerst frekar hratt.

Þið spilið raftónlist í bland við lífandi gítartóna, saxófónleik og melódískar raddir. Hvernig varð þessi blanda til?

M Ég hafði alltaf verið rosalega hrifin af þessum hljóðfærum og við ákváðum að blanda þessu svona fallega saman.

Þú, Margrét, spilar á gítar og þú, Andri, á saxófón. Hafði þið lengi æft á hljóðfæri?

A Ég er búinn að læra á saxófón í níu ár í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Margrét er sjálfærð á gítar.
M Ég er búin að spila á hann síðan ég var 10 ára.

Svo varst þú, Andri, útnefndur besti rafheillinn. Hvenær kviknaði tölvutónlistaráhuginn?

A Hann kviknaði þegar ég og Margrét settumst niður og prófuðum hljóðsarpforritið Ableton APC40 í fyrsta skipti saman fyrir um hálfu ári. Við

gerum þetta allt saman.

M Vök er í raun rafheillinn.
A Ég klikkaði á að segja það þegar ég tók við rafheila-verðlaununum. Ég var bara svo stressaður yfir því að heyra efstu þrjú sætin því það var það eina sem við vorum að biða eftir.

Hver semur textana?

A Ég skrifa þá niður en Margrét hefur lokaorðið á því öllu því ég gæti farið út í svo margslungnar þælingar.
M Ég byrja líka að syngja eitthvað bull stundum og hann tekur stikkorð út úr því og raðar þeim saman.

Hvar sækir þið innblástur í lögin ykkar?

A Það er út um allt.
M Allar hljómsveitirnar sem við nefndum í upplýsingaböxunum um okkur hér veita okkur mikinn innblástur.

A Og svo eru eldri hljómsveitir sem hafa áhrif líka. Ég til dæmis hlustaði mjög mikið á David Brubeck á sínum tíma í tengslum við saxófón-námið.

Hvað eiga Laglausir, Nabblastrengir, Botnleðja, Stæner, Jakobínarína og Vök sameiginlegt?

A Unnum öll Músíktíraunir?
M Og eru öll úr Hafnarfirði.

Er eitthvað í vatninu í Hafnarfirði sem veldur þessu?

A Þetta er Kaldárselið. Við erum með

besta vatnið á landinu. Það hlýtur að vera málið. Svo má ekki gleyma því að Tónlistarskóli Hafnarfjarðar er líka mjög flott stofnun.

Og nú vitum við að sumar sveitanna sem unnið hafa Músíktíraunir halda í svaka ævintýri erlendis. Erud þið farinn að pakka í töskur strax?

A Nei, ekki alveg strax.
M Já, maður!
A Já, þannig að þú ert komin fram úr mér?

Stelpur þurfa kannski að þæla meira í því hvað skuli taka með sér, eða hvað?

A Já, við strákarnir erum kærulausari.
M En ef þetta myndi gerast hratt þá erum við algjörlega tilbúin í að henda okkur út í djúpu lauginu.

Hvað er svo framundan?

M Stefnan núna er að gefa út eitt lag og á næstunni ætlum við að gefa út EP-plötu. Okkur langar til að keyra þetta í gang. Við unnum 20 hljóðverstíma í Sundlauginni sem eiga eftir að koma sér vel. Svo fáum við að fara til Hollands því að við unnum farniða frá Ícelandair til að taka þátt í verkefnum á vegum Hins hússins og Stage Europe Network.
A Þar fáum við að troða upp á tónlistarháttíðinni WesterPop. Svo það eru bara spennandi tímar framundan.

Wrangler®

DENIM SPA SMOOTH LEGS

BYLTING Í GALLABUXUM
NÝ TILFINNING

- SEM ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA



Presented by

Lizzy Jagger

ÚTSÖLUSTADIR: GEYSIR, ANDREA BOUTIQUE, BJARG AKRANESI, SENTRUM EGILSSTÖÐUM

APPADU ÞIG Í GANG...

Kvittaðu í símanum

Sign Easy heitir smáforrit sem nota má í snjallsímum. Við þekkjum það öll hvað það getur verið mikið vesen að prenta út skjöl sem þarf að kvitta á og þurfa svo í framhaldinu að skanna það inn og senda í vefpósti eða nota gamla góða faxtækið. Nú eru slíkar æfingar úr sögunni því að Sign Easy gerir þér kleift að skrifa undir skjöl í símanum þínum. Hægt er að nota fingurinn til þess eða þá þar til gerða penna. Andstæðingar of mikillar þappírnotkunar ættu sérstaklega að gleðjast yfir þessu magnaða appi sem fánlegt er í flesta síma.



BÆTINGARÁÐ BERGS



Að léttast er einfalt en ekki endilega auðvelt

Að léttast snýst um orkujöfnuð. Við þurfum að eyða fleiri kaloríum en við erum að taka inn. Þetta gerum við með því að borða minna og/eða hreyfa okkur meira. Þetta vita orðið flestir í dag en þessir einföldu hlutir geta stundum verið þrautinni þyngri. Markmiðið hlýtur alltaf að vera að temja sér betri og hollari lífstíl en ekki þína sig í mánuð, springa og fá ógeð. Borðum skynsamlega, hreyfum okkur reglulega og þóssum okkur að fá nægan svefn.

Bergur er fyrrverandi frjálsþróttakappi og starfar sem ÍAKeinkaþjálfari hjá Reebook Fitness. Skoðuðu fleiri ráð á www.facebook.com/baeting



ÍSL-ENSKUR TEXTI

Oft og tíðum verða enskir söngtextar ansi hnyttir þegar þeim er snarað yfir á móðurmálið með hjálp Google-þýðingarvélanna.



Carly Rae Jepsen - Call Me Maybe

Hey, I just met you,
And this is crazy,
But here's my number,
So call me, maybe!

It's hard to look right
At you baby,
But here's my number,
So call me, maybe!

Hey, ég hitti bara þig,
Og þetta er brjáláður,
En hér er númerið mitt,
Svo kalla mig, kannski!

Það er erfitt að líta til hægri á þig, barn,
En hér er númerið mitt,
Svo kalla mig, kannski!

EINTÓM ÞVÆLA



Grubbström er alveg hræðilegt nafn. Ég bara get þetta ekki lengur. Ég er hætt.

Alda Bára Hafsdóttir hætti í handknattleik á dögnum er hún fékk nóg af skrýtnum eftirnöfnum andstæðinganna

Að hugsa út fyrir kassann

Tíska er allstaðar. Flestallir hugsa eitthvað út í tiskuna, hafa ákveðna hugmynd um hvernig fötum þeir vilja klæðast, þannig að það endurspeglir á ákveðinn hátt þá manneskju sem í þeim býr. Hver og einn mótari þannig sinn eigin stíl svo að fjölbreytileiki er ríkjandi og það er það sem gerir heiminn svo skemmtilegan. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á tisku og er loksins, eftir að hafa skoðað endalaus af „what was I thinking?“-myndum af mér í gegnum tíðina í misskrautlegum fatnaði, orðin frekar sátt með minn eigin stíl og finnst ég vita hvað ég vil og í hverju mér líður best.

Hinsvegar er alltaf svolítið hættulegt að detta í algjöran þægindaramma í klæðaburði. Það að vera orðinn svo vanur því að klæðast ákveðnum stíl og breyta aldrei til. Ég hef oft lent í því að ég máta einhverja flík sem mér finnst ótrúlega töff og klæðir mig jafnvel mjög vel en af einhverjum ástæðum hef ég sagt við sjálfa mig að þetta sé ekki „minn stíll“. Einungis vegna þess að þetta er ekki svipað neinu sem ég á í fataskápnum heima. Seinna dauðsé ég svo kannski eftir því að hafa ekki bara fylgt hjartanu og keypt flíkina. Ég veit að ég er ekki ein um þetta. Öll viljum við finna fyrir öryggistilfinningu og oftar en ekki finnum við fyrir henni þegar við klæðumst einhverju kunnuglegu sem margir aðrir klæðast líka og sker sig ekki of mikið úr. Það er til dæmis ástæðan fyrir því að okkur finnst í lagi að kaupa rándýra flík sem við vitum að er fjöldaframleidd og að öllum líkindum munum við mæta 10 einstaklingum í sömu flík þegar við löbbum niður Laugavegin. Vegna þess að hún er flott, fólk veit að hún kostaði mikið og greinilega finnst svona mörgum öðrum hún flott. Mér finnst að svona ætti þetta ekki að vera. Við ættum frekar að finna fyrir



öryggistilfinningu þegar við förum okkar eigin leiðir sem sýna hversu sjálfstæðir einstaklingar við erum.

Auðvitað er til endalaust af flíkum sem endurspeglar ekki hver maður er og myndi aldrei láta sjá sig í. Aðalatriðið er alltaf að líða vel í flíkunum.

En það þarf að passa sig á að vera ekki hrædd við að hugsa út fyrir kassann og taka áhættu þegar mann langar að taka áhættu. Alltof margir hugsa endalaust hvað öðrum finnst og þannig falla þeir inn í stóran hóp þeirra sem klæða sig alltaf eftir því sem er „öruggt“ og vekur ekki of mikla athygli. Það dregur úr þessum skemmtilega fjölbreytileika lífsins. Ef einhver flík klæðir þig vel og þér finnst hún flott (og svo þarftu helst að hafa efni á henni líka) kaupu hana þá og notaðu tækifærið til að breyta til. Það er enginn annar en maður sjálfur sem getur sagt hvað er og hvað er ekki „manns stíll“. Njóttum lífsins, hlustum á hjartað og klæðum okkur eins og okkur langar í alvöru til.

Dóra Djamm-könnuður



FRASAKÓNGARNIR

Að gogga í sig

Þegar þú ert nýbúin dissu góða hugmynd eða ert að gera eitthvað hrútleiðinlegt sem fellur ekki í kramið hjá félögum þá ertu að Georg Bjarnfreðason í þig eða gogga í þig.

Í hverri viku munu Frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasanana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.



VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI



10

hlutir til að gera um páskana

1 KÍKTU Á ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
Hver veit nema þú getir dobblað Mugison með þér í Mýrabolta.

2 FARÐU Í KIRKJU
Smyglaðu inn nokkrum páskabjörum og fáðu þér sopa í hvert skipti sem presturinn segir orðin sonur, kærleikur eða heilagur andi.

3 FARÐU Á PÁSKAGLEDINA
Hoppaðu upp á svið, biðu einhvern sem þú þekkir ekki að giftast þér og gráttu hátt þegar þér er hafnað. Safnaðu svo vorkunnardrykkjum og símanúmerum allt kvöldið.

4 FARÐU Í NAUTHÓLSVÍK
Vertu harðasti naglinn á svæðinu og taktu gott sjósund og sólbá. Það er nú kominn apríl.

5 LÁTTU KROSSFESTA ÞIG
Samt ekki.

6 MÁLAÐU EGG
Farðu í keppni við vini þína um hver getur málað harðasta egg. Monitor mælir með Darth Vader eða Terminator-eggjum.

7 FARÐU Á DJAMMID SEM PÁSKAKANINAN
Ekkert playboy-kanínu-rugl samt. Finndu þér bleikan loðinn heilgalla með eyrum og reyndu við allt sem hreyfist.

8 TAKTU LAGID Í FJÖLSKYLDUBODINU
Gestalistinn er samt ekkert sniðugur lengur. Monitor mælir með að þú skelfir ömmu þína með Baby got back eða Niggas in Paris.

9 FARÐU Í FERMINGU
Helst hjá einhverjum sem þú þekkir ekki. Segðu fermingarbarminu að þú sért langömmubrúðirinn/systirin Hillarius og foreldrunum að þú sért hjásæfa prestsins. Borðu alla kransakökuna og láttu þig hverfa.

10 BORDAÐU PÁSKAEGG
Hámaðu í þig súkkulaði þar til þú liggur afvelta á stofugólfinu eins og Keikó í Noregi. Þú átt það skilið. Mæli með Darth Vader eða Terminator-eggjum.


VÍSINDAVEFURINN

Hvað standa jarðgöng lengi?

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er það haft að leiðarljósi við jarðgangagerð að gatið sem slíkt með styrkingum standi í hundrað ár, og sem dæmi má nefna að í Noregi eru til 100 ára gömul göng í notkun. Þá er líklega hægt að endurstyrkja, setja fleiri bolta og sprauta steypu. Rafmagnsbúnaðurinn í göngum endist hins vegar ekki nema í um 25 ár.

Almennt er það þannig að göng hafa orðið tæknilega úrelt, of þröng eða þannig að þeim er lagt af einhverjum orsökum. Fyrstu göng á Íslandi, um Arnardalshamar, voru opnuð 1949 og komst þá á vegasamband á milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Þau göng voru breikkuð 1995 þar sem þau voru tæknilega úrelt og allt of mjó en nú eru þau eins og ný.





„Verkfræðinámið í HR er hagnýtt, krefjandi og góður undirbúningur fyrir atvinnulífið. Aðstaðan er til fyrirmyndar og ekki má gleyma framúrskarandi félagslífi.“

Eiríkur Rafn Björnsson
Nemi á 3. ári í vélaverkfræði

VELKOMIN Í HR

FRAMSÆKINN ALÞJÓÐLEGAN HÁSKÓLA

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



hr.is

LG
Optimus L5

2.490 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 27.900 kr.



Sony
Xperia Tipo

2.090 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 20.900 kr.



Sony
Xperia J

3.590 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 39.900 kr.



Snjallir símar

á góðu verði

Skoðaðu úrvalið í verslunum
Símans eða á siminn.is

Samsung
Galaxy Y

1.790 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 19.900 kr.

Fíla taktinn, stælanana og allt sem þessu fylgir

Það er engin tilviljun að **Emmsjé Gauti** kynnti hugtakið „swag“ fyrir Íslendingum. Hver einasti gestur Stúdentakjallarans áttar sig á að **Gauti Þeyr Másson** er gegnheill holdgervingur þess hugtaks þegar hann gengur þangað inn með fylgdarliði, íklæddur hafnaboltajakka, límmiðaskreyttri derhúfu og með sólgleraugu.





Monitor settist niður með þessum eittraða töffara og forvitnaðist um snjóbrettamót í Tryggvagötu, athyglissýkina og frumraun hans í leikstjórstól.

Texti: Guðrún Sólveig Gestsdóttir **monitor@monitor.is**
Myndir: Styrmir Kári **styrmirkari@mbl.is**

Þeyr er ekki algengasta millinafnið í þjóðskránni, hvaðan kemur það?

Ég vil meina að ég sé skírður eftir pönkhljómsveitinni. Þabbi var pönkari í húð og hár. Hann er upp-reisnarseggur en mamma er ljúf. Mamma stakk svo upp á nafninu sem ég ber í dag.

Færðu ólguna þá frá pönkinu í uppeldinu?

Þetta er bara 50/50. Ég er nefnilega algjört sweet-heart en svo er ég svolítið æstur inn á milli. Pönkið kemur frá þabba, mjúka hliðin frá mömmu.

Af hverju byrjaðirðu að gera tónlist?

Mér finnst ég alveg jafn mikill skemmtikraftur og ég er tónlistarmaður. Ég hef alltaf verið hræðilega athyglissjúkur og þess vegna hefur þetta stúss alltaf verið eitthvað sem heillaði. Þabbi átti stúdíó og ég kynntist hipphoppi fyrst þar þegar hann var að taka upp plötu. Þar kviknaði ástríða fyrir því að setja saman rapptexta við þessa tegund af tónlist.

Ef þú værir ekki rappari, hvað værirðu þá að gera?

Þá væri ég leikari. Ég er mjög athyglissjúkur og verð að fá útrás fyrir þá sýki á einn hátt eða annan.

Nú var Magnús Scheving á forsíðunni fyrir nákvæmlega ári - þið eruð svipaðar típur, ekki satt?

Ég er allavega í hot yoga einu sinni í viku. Eftir ár ætla ég að skora á Magnús í liðleikakeppni.

Fyrsta sólóplatan þín, Bara ég, kom út árið 2011. Hvenær er von á þeirri næstu?

Ég er búinn að vera að vinna að nýju efni síðan Bara ég kom út og það mun koma út á plötu á þessu ári. Ég væri til í að koma með dagsetningu, en alltaf þegar maður gerir það þá stenst það ekki svo ég segi: Hún kemur út á árinu.

Af hverju bara þú? Af hverju engir fleiri?

Málið er að platan heitir þessu nafni en það koma um 14 manns að gerð plötunnar. Kaldhæðnin er svo að næsta plata heitir Þeyr en það koma færri að henni. Þó djoina Unnsteinn Manúel, Logi Pedro, Hermigervill, Reddlights, Úlfur Úlfur og fleiri mig.

Um hvað fjallarðu á nýju plötunni?

Nýja platan, sem er titluð Þeyr, er 50/50 partý og drama. Bara eins og ég er, í rauninni. Því miður kannski. En það eru alveg ákveðin skil á milli þessara platan, fyrri platan er partýið og sú seinni dagurinn eftir.

Af hverju rapp frekar en til dæmis R n' B eða elektródjass?

Það er svo auðvelt að tjá sig í gegnum rapp. Þar gefst miklu meiri tími til að einbeita sér að textunum, maður þarf ekki að fela sig eða fella sig inn í einhverja formúlu - þetta er bara hrár, langur texti sem lýsir raunveruleikanum. Þetta fittar líka vel við mig, ég fíla taktinn, stælana og allt sem þessu fylgir.

Þú leggur mikinn metnað í textasmíði, hver eru viðfangsefnin í textunum á nýju plötunni?

Á henni er ég svolítið að fara inn á málefni sem ég hef hingað til ekki mikið þorað að snerta. Það er meira um ástina, ég fíka aðeins við hana. Og svo um dauðann og lífið, segir Gauti og hlær.

Ég er mjög athyglissjúkur og verð að fá útrás fyrir þá sýki á einn hátt eða annan.

Þú hættir þér út á persónulegar slóðir í músíkinni. Ertu ekkert hræddur um að stofna rappara-stafrum í hættu með tali um ástina?

Nei, mér dettur það ekki í hug - þegar maður þorir að taka af sér grímuna og semja þjura út frá hjartanu, þá verða til bestu lögin. Þegar maður er rappari þá er maður alltaf að halda í einhverja ímynd, en það er komið út í bull ef hún er farin að stýra manni á einhvern hátt.

Blaz Roca, Friðrik Dór, Berndsen, Úlfur Úlfur, 7berg og IntroBeats. Þetta eru bara nokkur af þeim nöfnum sem hafa komið við sögu í lögunum þínum. Af hverju ákveður stjörnuher að leggja þér lið?

Þetta er rosalega lítið samfélag, það eru einhvern veginn allir til í að gera hluti á borð við þessa fyrir mann, ef það sem maður hefur fram að færa er næs. Þetta er í rauninni auðvelt, ef þig langar að gera eitthvað þarftu bara að vera nógu andskoti djarfur. Ef mig langar að gera lag með einhverjum þá hætti ég ekki fyrr en það er orðið að raunveruleika.

Er engin samkeppni á milli rappara hér á landi?

Það blundar alveg samkeppni í okkur - til að mynda erum ég og Úlfur Úlfur og Erpur góðir vinir en við reynum samt alltaf að reyna að toppa hvor annan. Það meikar bara engan sens að drulla hvor yfir annan, það gagnast öllum að vinir manns verði stórir. Maður verður bara að passa að vera síðan ekki of seinn að grípa í hnakkadrambið á þeim og taka fram úr á einhverjum tímupunkti.

Hvernig slær maður í gegn sem rappari á Íslandi?

Maður þarf í fyrsta lagi að vera drulluákveðinn. Sérstaklega þar sem við búum á Íslandi og bransinn kaupir þig ekkert áfram nema að mjög takmörkuðu leyti. Þess vegna þarf maður að klóra sig áfram í þessu og vera tilbúinn að gera allt sjálfur. Margir halda að þetta komi bara af sjálfru sér, ég hef séð marga stráka gera eitt lag og gefast svo upp því að formúlan lag/uppögtaður/frægð sem þeir höfðu í huga gekk ekki eftir. Maður er stanslaust að vinna í því að halda sér inni, en það er mjög skemmtileg vinna.

Á sínum tíma varstu yngsti rapparinn sem hefur tekið þátt í Rímnaflæði, 12 ára gamall. Sérðu eftir því?

Nei, engan veginn. Þarna komst ég að því að þetta væri eitthvað sem ég væri að fara að gera út lífið. Þegar ég fór upp á svið og heyrði 350 manns kalla nafnið mitt, þá fann ég hvernig ég nærði eitthvað inni í mér sem er síhundrað og ég hef stanslaust þurft að fæða síðan.

Nú standa eftir nokkur epísk tónistarvídjó í kringum lögin þín. Af hverju leggurðu svona mikið púður í myndböndin?

Ég legg mikla áherslu á þetta aspekt því það er hægt að segja að mín kynslóð horfi mjög mikið á tónlist. Það hefur sannað sig að flott tónlistarmyndband gefur laginu auka búst. Þá hleypi ég líka sjónarhorni annars lisamanns og listgreinar að tónlistinni minni, sem drygir heildarpakkann.

Síðustu helgi lukum við einmitt við nýjasta myndbandið, við lagið Hvolpaást með mér og Unnsteini Manúel. Logi Pedro úr Retro Stefson smíðaði svo taktinn og Larry BRD frá Akureyri rappa með okkur. Myndbandið verður frumsýnt eftir sléttar tvær vikur. Um er að ræða fyrsta myndbandið sem ég leikstýri

meðal annars sjálfur, þannig að það verður spennandi að sjá útkomuna.

Hvað gerirðu á daginn þegar þú ert ekki að rappa? Ég er líka í skóla, er að læra grafíska miðlun í Tækniskólanum. Það nýttist vel í tónlistinni, sem er næs.

Hvernig atvikast það að Emmsjé Gauti stendur fyrir snjóbredda- og tónlistarviðburði í miðbæ Reykjavíkur?

Ég og Davíð Oddgeirsson, aka Draumaprinsinn, vorum búnir að plana þennan viðburð, brettamótið MINTAN, í heillangan tíma. En svo kom upp það minniháttar vandamál að það rigndi í heila viku fyrir mótið, og það var enginn snjór í Bláfjöllum þar sem það átti að vera haldið. Við fórum þá bara á milljón, toguðum í spotta í allar áttir og ákváðum að halda þetta fyrir utan Gaukinn. Þetta var mjög erfitt, en tókst frábærlega. Við vorum með risastóran stökkpall, fengum stillansa frá Byko, byggðum pall, létum sérsmíða rail.

Þetta sýndi að það er allt hægt ef maður nennir að standa í því. Málið er ekki hvað maður getur... heldur hvað maður gerir.

Þú hefur líka verið viðriðinn AK Extreme-hátíðina í gegnum tíðina, heldurðu því áfram?

Já, ég hætti því aldrei. AK Extreme var fyrst haldið árið 2002 og er risavaxinn tónlistar- og snjóbrettaviðburður á Akureyri, eiginlega bara árshátíð snjóbrettamanna. Í ár er sé ég um að skipuleggja tónlistina ásamt Agli hjá Airwaves. Þetta verður gjörsamlega illað, 3 daga festival 4. - 7. apríl. Dagskráin í ár er geðveik, Úlfur Úlfur, Últramegateknóbandið Stefán, Larry Bird (Skyttur), Ugly Alex, Champions of Death og fleiri.

Geturðu eitthvað á bretti?

Ég er ekki sérlega góður á snjóbretti en hef alltaf fylgst vel með sportinu frá því ég fékk fyrsta brettið í fermingargjöf. Ég er betri á malbikinu á sumrin.

Hvaða áhugamál hefurðu önnur en bretti og rapp?

Ég hef gaman af flestum jaðaríþróttum sem örva hjartsláttinn. Ég er adrenalínfíkill og ætla meðal annars að skella mér í fallhlífarstökk í sumar. Svo hef ég líka mikinn áhuga á að skemmta mér með góðu liði.

Hvort eyðirðu meiri tíma heima hjá þér eða á Prikinu?

Prikinu. Ég fúnkera ekkert sérstaklega vel einn. Ég verð alltaf að vera í einhverjum félagsskap.

Fylgir ekki súrrandi kvenhylli því að vera rappstjarna á Íslandi?

Það veit ég ekki, maður, ég veit bara að það er gaman að vera til. [Hér skýtur Leroy, vinur Gauta sem er viðstaddur viðtalið inn í að hann hreinlega vaði í kvenfólki, en sé sjálfur hógvæver með það. „Þær eru óðar í hann þótt hann þykist ekki kannast við það.“ segir Leroy.]

Þannig að Emmsjé Gauti mun ekki festa ráð sitt í brád?

Mig langar að minnsta kosti oft í kærustu á sunnudögum, þegar ég er lítill í mér að skoða kettlingavídeó.

Nú ertu metnaðarfullt skáld, mun Gauti Þeyr einhvern tímann í fjarlægri framtíð gefa út ljóðabók eða nýta rithæfnina á öðrum sviðum en í rappinu?

Ég á alveg bók heima sem þið fáið aldrei að sjá. Rauða bókin. Það er dæmi um þegar maður fer of djúpt inn í sjálfan sig - það gengur ekki að opna sig alveg upp á gátt, það er nauðsynlegt að halda einhverju leyndu. Ef ég dey þá megið þið gefa þessa bók út.



Þú ert þakinn í flúrum, sérðu eftir einhverjum þeirra?

Maður á aldrei að sjá eftir neinu, en ég myndi velja fyrsta tattúíð öðruvísi í dag. Takk, mamma, fyrir að leyfa mér að fá mér tattú þegar ég var 15 ára! Annars flúraði ég fyrsta tattúíð mitt á dögnum, á Halldór Helgason snjóþrekkappa. Ég gerði typpi á höndina á honum og brjóst á magann á honum, með vél og allt. Þetta er hræðilegt.

Þú áttir hressileg samskipti við meðlimi í Jackass-hópnum þegar þeir heimsóttu Ísland fyrir nokkru síðan. Segðu aðeins frá því.

Ég upplifði rosalegan æskudraum þegar Bam Margera kom til landsins, ég dýrkaði þann náunga þegar ég var yngri. Síðan fékk ég að tjilla með honum þegar hann kom til Íslands. Það fysta sem við gerðum var að fá okkur tattú, Bent Rottweilerhundur teiknaði tattú á Bam, einmitt líka typpi á höndina. Svo brutumst við inn í sundlaug og gerðum alls konar óskunda sem er ekki prenthæfur.

Er rétt að Emmsjé Gauti muni spila með hljómsveit á tónleikum í Hörpunni í sumar?

Já, ég ætla að spila með live bandi í litla salnum í Hörpunni í sumar. Það er mjög spennandi en líka drullusary að sitja fyrir sitjandi sal, sem ég er ekki sérlega vanur að gera.

Þegar maður þorir að taka af sér grímuna og semja pjúra út frá hjartanu, þá verða til bestu lögin.

Hvaða rappara hlustarðu mest á? Hverjir eru helstu áhrifavaldarnir?

Áhrifavaldar númer eitt eru án vafa Atmosphere, þá sérstaklega Slug. Hann hafði mikil áhrif á textagerðina mína. Ég hlusta á svo mörg nöfn þegar kemur að rappi, drakk í mig Atmosphere og Rottweiler og flest alla íslenska rappara.

Hvernig er heilsufar íslensku rappsenunnar í augnablikinu?

Mér finnst allt of fáir vera að gera áberandi hluti í hipphoppbransanum á Íslandi í dag. Senan náttúrulega sprakk í loft upp árið 2001, þá röppuðu allir. Hver einasti strákur í bekknum mínum rapaði, svo héldu þeir áfram sem höfðu raunverulega ástríðu fyrir þessu. Þetta kemur svo í miklum bylgyjum, nú er ný kynslóð að koma sterk inn - Gíslí Pálmi og fleiri. Ég vildi að fleiri væru duglegir við að gefa út efnið sitt, ekki sitja bara á því heima, sérstaklega því að núna er ekkert mál að gefa út plötu.

Hvað ertu búinn að standa lengi í þessu stússi?

Ég er búinn að vera að í rúmlega 11 ár. Ég er í rauninni búinn að rappa helminginn af ævinni.

Hvar verðurðu eftir önnur 11 ár?

Úff. Ég er mjög hræddur við 27 ára aldurinn því það eru margar rokkstjörnur sem lifa hann ekki af. Ef ég lifi af verða vonandi grænar tölur á heimabankanum og ég að ýta barnavagni með hinum töffurunum.

Enn rappandi?

Tónlistin fer aldrei, hvort sem það verður hipphopp eða eitthvað annað. Þetta er aðaltjáningarformið mitt og sem slíkt eitthvað sem ég held að ég geti ekki sleppt.





HÖNDLARÐU HITANN ?

THE ORIGINAL
**TYRKISK
PEBER**

Dúddi: Lásinn er... humm... lásinn er inn út, inn inn út. Ég endurtek, inn út, inn inn út. Kannast eitthver við það? (Með allt á hreinu, 1982)



Lífið fyrir fjórum milljónum ára

The Croods er frumsýnd um helgina

The Croods er ný þrívíddarteiknimynd frá Dreamworks um forsögulega fjölskyldu sem neyðist til að halda af stað í sitt fyrsta ferðalag þegar hellirinn þeirra hrynur. The Croods er eftir þá Kirk De Micco og Chris Sanders sem saman og hvor í sínu lagi eiga að baki nokkrar þekktustu teiknimyndir síðari ára eins og Aladdin, Mulan, The Lion King, Lilo og Stich og How To Train Your Dragon.

Þetta er einstaklega litrík og myndin saga, en um leið bæði spennandi og áhrifamikil. Croods-fjölskyldan hefur búið í sama hellinum alla

sína ævi enda felst helsta heillarád fjölskylduföðurins í því að forðast allar hættur með því að prófa aldrei neitt nýtt, þar með talið að yfirgefa hellinn.

Dag einn grípa örlögin og náttúran þó í taumana þegar jarðhræringar verða til þess að hellirinn hrynur. Um leið opnast gáttir að veröldinni fyrir utan sem fjölskyldan hefur aldrei séð áður. Í fyrstu list fjölskylduföðurnum ekkert á að halda af stað út í heiminn og kanna nýjar lendur en þar sem heimilið er horfið er um ekkert annað að velja en að finna nýtt.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Ófeigur gengur aftur

Ófeigur er nýlátinn en andi hans neitar að halda yfir móðuna miklu og heldur til í sínu gamla húsi þar sem þau Anna og Ingi búa núna. Þar fylgist hann með öllu og er óhræddur við að láta skoðanir sínar í ljós. Þegar Anna og Ingi ráðgera að selja húsið bregst Ófeigur ókvæða við þannig að Ingi ákveður að leita ráða í gamalli galdrabók til að losna við hann fyrir fullt og allt. Þær áætlanir bregðast hins vegar þegar tilraunir til að særa Ófeig út úr húsinu hafa þveröfug áhrif og vekja þess í stað upp nýjan draug, fyrrverandi unnustu Ófeigs sem óhætt er að segja að sé smáklíkkuð í ofanálag. Við komu hennar magnast reimleikarnir í húsinu um allan helming. Þegar Ófeigur ber sig til við að beita valdi til að varpa konu með miðlsgáfu út úr húsinu verður ljóst að nú duga ekki lengur nein vettlingatök.

Leikstjóri: Ágúst Guðmundsson.
Aðalhlutverk: Gísli Örn Garðarsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Laddi, Halldóra Geirharðsdóttir, Sigurður Sigurjónsson og Elva Ósk Ólafsdóttir.
Lengd: 90 mínútur.
Aldurstakmark: Öllum leyfð.
Kvikmyndahús: Sambíóin Egils-höll, Álfabakka, Krínglu, Akureyri og Keflavík, Króksbío, Bíóhöllin Akranesi og Ísafjarðarbío.

Scandiphone
Retro borðsími.
9.990 kr.

MyAmp
iPod hátali/magnari.
4.990 kr.

Karlisson
Vinipönnukukka.
6.990 kr.

Emergency Bowtie
Þverslaufa.
1.490 kr.

Retro Cover
iPhone hülstur og standur.
2.900 kr.

Pickmaster
Gerðu þínar eigin gítarnegjur.
4.500 kr.

FLOTTAR OG ÖÐRUVÍSI FERMINGARGJAFIR

American Apparel
Hettupeysur.
8.900 kr.

DOGMA
SMÁRALIND - LAUGAVEGUR 32 - WWW.DOGMA.IS

VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladið

TÖLVULEIKUR

SimCity
MMMA

Tegund: Uppbyggingarleikur

PEGI merking: 3+

Útgefandi: EA

Dómar:
5 af 10 - Gamespot
7 af 10 - IGN.com
4 af 10 - Eurogamer.net

Jón Gnarr hermir

Fyrsti SimCity-leikurinn kom út árið 1989, en það sama ár fann ég mójóið mitt og hafði um allt annað að hugsa en tölvuleiki, en á þeim tíma heilluðu ljósagólf disk-ótekanna mig meira en að búa til borg í tölvunni. En síðan hefur runnið töluvert mikið vatn til sjávar, ég búinn að missa mójóið og veit fátt skemmtilegra en að hanga í tölvunni.

Á dögunum kom svo út nýr SimCity-leikur sem hefur tekið stór stökk og er töluvert breyttur frá upprunalegu útgáfunni. Þessi breyting hefur lagst misvel í fólk, en þeir hörðustu vilja geta haft meiri áhrif en aðrir hins vegar sátir við hversu auðvelt er að spila leikinn og byrja að byggja borg.

Í SimCity er maður borgarstjórinn og í upphafi er manni úthlutað landsvæði og þarf maður að skipuleggja það, leggja vegi, byggja upp íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, verslunarhverfi og svo framvegis. Svo þarf að passa uppá að hafa spítala, slökkvilið, lög-reglu og fleira. Einnig þarf að gæta að því að íbúarnir fái rafmagn og rennandi vatn. Ef íbúarnir eru ósáttir láta þeir þig vita og þarf maður að bregðast við því á einhvern hátt.

Það er magnað í SimCity að maður getur í raun fylgst með hverjum íbúa borgarinnar og skoðað lífs-

munstur hans og fengið þannig hugmyndir um hvernig megi bæta borgina og lífið þar.

Ein stærsta nýjung leiksins er netspilun, en þar geta leikmenn spilað á sama svæðinu og byggt upp hvor sína borg. Svo er hægt að tengja þær saman og vinna einnig saman að stórum verkefnum eins og að byggja upp alþjóðflugvöll á svæðinu. Svo geta leikmenn einnig skipt með sér verkefnum borganna, þannig að einn getur búið til iðnaðarsvæði sem er fullt af mengun og rugli á meðan hinn reisir ferðamannaborg í anda Las Vegas þar sem allt er hreint og fínt á yfirborðinu.

SimCity-leikurinn er keyrður áfram af nýrri graffikvél sem er mjög flott og glæðir borgirnar miklu lífi. Ég mæli með þessum leik fyrir alla þá sem vilja missa sig í að byggja upp borgir og fá innsýn inni starf manna á borð við Jón Gnarr.

**ÓLAFUR ÞÓR
JÓELSSON**

Það getur verið yndisleg tilfinning þegar maður finnur réttu þáttaröðina en vonbrigðin geta líka verið töluverð ef hún svo stendur ekki fyrir sínu

Þáttabankar Péturs

Pétur Örn Svansson
monitor@monitor.is



Þegar gleðin breytist í vonbrigði

Ásjónvarpsþáttatilfinningaskalanum eru fáar tilfinningar jafnstærkar og sú sem maður fær þegar maður uppgötvar nýja góða spennuþætti. Þessi spennuþrungna gleði er fyllt eftirvæntingu um skemmtilegt ferðalag með nýjum vinum. Þessi tilfinning er ekkert svo sjaldgæf og fann ég hana síðast í gærkvöldi þegar ég byrjaði að horfa á House of Cards. En eins góð og þessi nýfundna gleði er þá er alltaf góður möguleiki á að þættirnir standi sig ekki og vonbrigði vegna væntinganna taka við. Í tilfelli nokkurra sjónvarpsþátta upplifði ég þessi vonbrigði einstaklega sterkt og vil ég skoða þá þætti nánar. Ég vil samt ekki fara djúpt í söguþráðinn því það er óþarfi fyrir þá sem hafa séð þættina og „spoiler“ fyrir þá sem hafa ekki séð þá.



PRISON BREAK Fyrsta þáttaröðin af Prison Break er með þeim betri sem ég hef séð og aðspurður er hún ein sú fyrsta sem ég mæli með. Önnur þáttaröð jafnaðist hins vegar ekkert á við þá fyrri en var allt í lagi þar sem við höfðum verið að fylgjast með strákunum í fangelsinu og vildum vita hvernig færi fyrir þeim. Handritshöfundarnir hefðu samt endilega mátt meta heilindi sín meira en peninginn því þeir skrifuðu fjórar þáttaraðir allt í allt og voru síðustu tvær algjör mjólkun og vonbrigðin mikil.



HEROES Fyrsta þáttaröðin var snilldin ein og gæðin hrein með Peter Petrelli, Claire Bennet og Hiro Nakamura í broddi fylkingar. Allt var svo spennandi og dularfullt og heimsbyggðin horfði á með öndina í hálsinum. Framhaldið í annarri þáttaröð var afar misheppnað og það segir líka mikið að höfundurinn Tim Kring baðst opinberlega afsökunar á því. Djammað hefði átt að enda eftir þetta en því miður skelltu höfundarnir sér í tekila-skot á Ellefunni þar sem tjónið hélt áfram í tvær þáttaraðir í viðbót.



LOST Hér gæti ég verið kominn á hálán ís þar sem þættirnir eiga allveg ennþá sjö aðdáendur og eflaust hægt að færa þokkaleg rök fyrir að þættirnir hafi dafnað vel. En ég kalla það eins og ég sé það. Þegar þessir þættir komu fyrst fram á sjónarsviðið var ekki talað um annað. Allt var svo nýtt, svalt og dularfullt og mann þyrsti í að vita meira. Við kynntumst fólki á eyðieyju sem lifði af flugslys í gegnum samskipti þeirra á eyjunni og endurminningar að aðdraganda slyssins. Þegar svo leið á þættina vildi maður fara að fá svör en þá var leiðinleg beygja tekin og við fórum á annan stað á eyjunni og þurftum að kynna fullt af öðru fólki. Svo mörgum þáttum síðar hittum við upprunalegu vini okkar aftur og var þá kominn tími á svör en nei, þá komu bara fleiri endurminningar frá öðrum tímabilum lífs þeirra. Svo kemur fullt af öðrum snúningum þarna á leiðinni sem ég nenni ekki að fara út í. Ég var allur af vilja gerður til að horfa á Lost og í fyrstu atrennu kláraði ég fyrstu tvær þáttaraðirnar en neitaði svo að halda áfram því mér fannst ég vera hafður að fífla. Nokkrum árum og sex þáttaröðum síðar tók ég ráði nokkurra vina sem mældu sterklega með þeim og sögðu að þrátt fyrir hiksta þarna í annarri þáttaröð væri um virkilega gott efni að ræða. Þá straujaði ég fjórar þáttaraðir í röð sem gerðu voða lítið fyrir mig. Enn var ég fífl, bara nokkrum dögum og vinum fátækari.

En hvað veldur þessari gæða u-beygju? Ég hef ekki skýrt svar við því en ég tel þó að nokkrir pólar geti haft áhrif.

Vinsældir. Nú til dags er gríðarlegt framboð af sjónvarpsþáttum og því mikil samkeppni um hylli áhorfenda. Því er oft miklu púðri bombað í fyrstu seríuna og ef hún verður vinsæl er eftirspurnin í takt við það og um að gera að mjólka kúna. Þessi vinsældaráhrif eru eðlilega fyrirferðamikil í ákvarðanatöku um framhaldið en því miður er hún ekki alltaf hagstæð þeim áhorfendum sem eru búnir að fjárfesta tíma, áhuga og samræðum í þáttunum. Það sem var upphaflega frábært efni í kannski 1-2 þáttaraðir er þá teygt í fleiri á kostnað gæða og oft þolinmæði áhorfenda. Niðurstaðan verður því oft langdreginn sögu-

þráður þar sem engum kafla er lokað og fyllt er inn í eyðurnar með tilgangslausum fléttum, algjörlega óviðkomandi því sem vakti upphaflegan áhuga.

Hugmyndin. Uppbygging þátta er misvel til þess fallin að endast vel. Hugmyndin t.d. í Prison Break er ekki beint farsæl í margar þáttaraðir. Það er frábær hugmynd fyrir eina þáttaröð að láta ofurgreindan verkfræðing hjálpa vandræðabróður sínum að brjótast út úr fangelsi. En hvað svo? Framhaldið verður að vera í samræmi við upphaflegu hugmyndina en það er erfitt þegar þeir eru búnir

að gera það sem lagt var upp með í byrjun sem sýnir sig í að þeim félögum var bara hent í alveg sömu aðstæður í öðru landi. Skoðum Dexter, farsælla dæmi. Það er hugmynd sem getur nokkurn veginn núllstillt sig í hverri þáttaröð. Þar höfum við undirliggjandi söguþráð sem rúllar í gegnum allar þáttaraðirnar þar sem hann tekst á við „hinn myrka farþega“. En svo hefur hver þáttaröð svona aðalþema með einhverjum ákveðnum morðingja og lausir endar hnýttir þegar hún líður undir lok. Dexter býr einnig að góðu baklandi þar sem fyrstu þáttaraðirnar voru byggðar á bókum líkt og Homeland

sem eru búnir að gera frábæra hluti í tvær þáttaraðir.

Út frá þessum pælingum langar mig svo aðeins að velta fyrir mér nýjum þáttum sem heita The Following. Þar er Kevin Bacon í aðalhlutverki sem fyrirverandi FBI-fulltrúi sem er kallaður aftur inn í leikinn því hann er sá eini sem getur stöðvað einhvern fjölda-morðingja. Frekar klisjuð byrjun og auðvitað er Baconinn drykkfelldur. Þættirnir fara samt vel af stað og ég er spenntur að sjá hvernig þessi gleði spilast. Sjáum hvað setur.

Thanks a'latte

Háskólanám erlendis á sviði skapandi greina

ENGLAND • SKOTLAND • ÍTALÍA • SPÁNN

Nám í alþjóðlegum fagháskólum er einstakt tækifæri til að kynna suðupotti hugmynda, með stefnum og straumum víða að úr heiminum.

Í boði er hagnýtt nám, sem sameinar frumkvæði, hugmyndir og tækni og er í góðum tengslum við alþjóðleg fyrirtæki.

Nemendur hafa aðgang að vel búnum rannsóknar- og vinnustofum og kennarar eru reyndir sérfræðingar á sínu sviði.

Háskólanám erlendis í hönnun, listum, stjórnum, eða tísku opnar einnig möguleika á að hitta „réttu“ fólkið og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

Samstarfsskólar:

- Istituto Europeo di Design
- University of the Arts London; Camberwell College of Arts, Central Saint Martins College of arts and Design, Chelsea College of Arts and Design, London College of Communication, London College of Fashion, Wimbledon college of Arts.
- The Glasgow School Of Art
- Bournemouth University • Arts University Bournemouth
- London School of Film, Media & Performance



lingo
MALAMIDLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • Sími 562 2220 • WWW.LINGO.IS

stíllinn

Lísa Hafliðadóttir
lisa@monitor.is



Gallajakki og nike free runs eru málið

Stíllinn fékk Kristínu Reynisdóttur sextán ára Verzlunarskólanema í heimsókn þessa vikuna. Kristína hefur gott auga fyrir tísku þrátt fyrir ungan aldur og sýnir hér lesendum hluta úr fataskápnunum sínum.

Hver er Kristína? Síbrosandi og hlæjandi stelpa sem elskar að kaupa falleg föt!

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Bara frekar venjulegur, finnst gaman að blanda saman smá-rokkuðum filing við eitthvað væmið, upp á síðkastið hefur hann verið frekar dökkur en núna taka litirnir við!

Hefur þú mikinn áhuga á tísku? Já ég hef það og reyni að fylgjast með þessu nýjasta!

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Aðallega erlendis í þessum klassísku H&M, UrbanOutfitters, NastyGal, AmericanApparel, Monki og svo herna heima aðallega Spúútnik, Galleri17 og Zöru.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku? Klárlega veturinn vegna þess að þá getur maður farið í svo mikið af kósý flíkum og svo á maður mest af svoliðis flíkum þegar maður býr

hérna á klakanum. En auðvitað eru stuttbuxur, flott belti og töff toppur á sumrin líka snilld.

Hvað er ómissandi að að eiga í fataskápnunum fyrir vorið? Gallajakka og nike free runs!

Hver hafa verið þín verstu tískumistök? Hahaha þau held ég að ég hafi tekið í 8 bekk á Samfés, það er eitthvað sem ekkert getur toppað!

Hver er best klædda kona í heimi? Olsen-tvíburarnir númer eitt tvö og þrjú!

Er eitthvað skemmtilegt á döfninni hjá þér? Þáskarnir eru, held ég, þetta skemmtilegasta núna en svo taka prófin bara við... þvílíkur spenningur fyrir því!

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar? Úff, ég held að ég myndi setja það á ekki mikið áberandi stað og hafa það eitthvað sem hefur mikla þýðingu fyrir mig.



SPARI
KJÓLL: TOPSHOP
JAKKI: NASTYGAL
SKÓR: JEFFREY CAMPBELL



ÚT Á LÍFIÐ
BUXUR: AMERICANAPPAREL
SKÓR: JEFFREY CAMPBELL
BOLUR: URBANOUTFITTERS
TOPPUR: MONKI
VESTI: NOSTRUM DESIGN



HVERSDAGS
SKÓR: NIKE FREE RUNS
BUXUR: GALLER17
BOLUR: SPÚÚTNIK
GALLAJAKKI: VINTAGE



UPPÁHALDS
JAKKI: NASTYGAL
BOLUR: SAUMAÐI SJÁLF
BUXUR: FOREVER21
SKÓR: URBANOUTFITTERS



Stjörnustríð

Julianne Hough vs. Khloe Kardashian Þær líta báðar virkilega vel út í þessum skærgula Kaufman Franco-kjól. Dökka hárið og rauði varaliturinn hennar Khloe passar aftur á móti einstaklega vel við þennan djarfa lit.

Emmy Rossum vs. Charlize Theron Shameless-stjarnan parar sína peysu við svart stutt pils og svört stígvél en Charlize velur hversdagslegra og flottara lúkk og er í gallabuxum og flatabotna skóm við.

Gwyneth Paltrow vs. Kerry Washington Súperskvísurnar klæddust þessum kremaða topp á dögnum og voru báðar í pils við. Kerry hittir naglann á höfuðið með flottu svörtu leðurpils, sokkabuxum og rauðum varalit.

Rihanna vs. Nicole Richie Hvor stjarnan hefur breytt sínum Tom Ford-kjól, Rihanna heldur síðinni en hefur tekið axlarpúðana úr, en Nicole hefur stýtt sinn en heldur í axlarpúðana og er það flottara lúkkið að mati Stílsins.



RENDUR

Rendurnar hafa verið vinsælar síðustu misseri og nú í sumar munu rendurnar vera einstaklega áberandi. Röndóttir bolir, peysur, buxur og skór. Þú ert ekki maður með mönnum ef þú átt ekki röndóttu flík.



BLÓMAMYNSTUR

Það er fátt sumarlegra en fallett blómamyntur í skemmtilegum litum. Það er því um að gera að fjárfesta í fallettri flík með flottu blómamyntstri því það muna verða einstaklega heitt í sumar.



Heitustu vor og sumar trendin



Nú stýttist óðum í vorið og sumarið og þá breyttist klæðaburðurinn með hlýnandi veðri. Nokkur ný og skemmtileg trend koma inn í sumar en einnig haldast nokkur gömul og góð inni.

Stíllinn kannaði málið frekar.

LEÐUR

Leðrið hefur verið virkilega vinsælt upp á síðkastið og það mun ekkert breytast í sumar. Flottar leður-stuttbuxur, -pils, jakkar og buxur í öllum mögulegum litum verða áberandi í sumar.



BLÚNDUR

Blúndurnar eru kvenlegar og fallegar, og í björtum og fallettum litum eru þær einstaklega sumarlegar. Blúndutrendið hefur verið vinsælt lengi og er ekki að fara neitt.

KASSA-MYNSTUR

Kassamyntur eða svokallað skák-myntur kemur heitt inn í sumar. Trendið getur bæði staðið eitt og sér og svo er hægt að bæta ofan á það öðrum mynstrum. Á hvorn veginn er þetta skemmtilegt og ferskt lúkk sem verður áberandi í sumar.



MAGABOLIR

Stuttu magabolirnir sem komu svo vinsælir inn síðasta vor verða áfram vinsælir í ár. Þetta er sumarlegt og flott trend og passar vel við pils, buxur eða stuttbuxur.



BERGUR EITTHVÄÐ
AÐ KYRKJA JÓA



ELVAR APPAÐI
SIG Á SVÆÐIÐ



ÞESSAR GELLUR
ÞEKKJA LÍSU



GLEÐIN LEYNDI SÉR
EKKI HJÁ ÞESSUM



BJÖRN BRAGI OG
HILDUR VALA YNGRI



VAR FRÍR BJÓR Á
SVÆÐINU EÐA?



BLÓNDÍNUR
HÓPA SÉR SAMAN



MAGNAÐAR MONITOR MYNDIR

Monitor fagnaði þriggja ára afmæli sínu í síðustu viku í Stúdentakjallaranum og þangað mætti fjöldinn allur af fallegu og fersku fólki tilbúið í gleði og glans



TVÖFÖLD
VALDIMAR-GLEÐI



RITSTJÓRA-RÆÐA OG
MONITOR-BÖRNIN HLUSTA OG LÆRA



RÁNDÝR VINAGRÚPPA. SVO ER
BARA Á LEIÐINI HJÁ DNA



VÁ. SNORRI
ENGI LEBERTS MÆTTI



ÞESSAR ELSKA
ÁRVAKUR



ELGUR SÖNG
ÓVÆNT FARVEL



SAGDI EINHVER
KYNDOKKI?



DÓRA BRÆDDI
VALDA



ÞESSUM FANST GAMAN
AÐ GEFA BJÓR



ÞESSIR NÝBÚNIR
Í FÓTBOLTA



GLEÐI OG GAMAN. ÞÆR
HEITA ÞAÐ SAMT EKKI



ÞESSI VORU TIL Í PARTÍ
FRÁ FYRSTU MÍNÚTU



BRÓÐIR VENNA
OG VINIR



ÞESSAR KOMAST
LANGT Á BROSINU

HEFST Í KVÖLD

Síðustu þrjár vikurnar hefur Monitor talið niður í fyrsta þáttinn af Ljósmynda-keppni Íslands. Nú er stóra stundin runnin upp því í kvöld hefst þátturinn á Skjá einum. Margir sóttu um að taka þátt í keppninni en einungis átta munu keppa til úrslita.

ADA SUBOCZ

Fyrstu sex: 141277.
Uppruni: Er frá Póllandi en hef búið á Íslandi í fimmtán ár.
Staða: Flókin
Maki: Ríkarður Garðarsson.
Æskudraumur: Að vinna með hundunum og búa í Alaska.
Framtíðardraumur: Að taka þátt og klára Yukon Quest 1600km og Iditarod 1688km sleðahundakeppni í Alaska og Kanada.
Fyrirmynd í lífinu: Mamma og pabbi.
Fyrirmynd í ljósmyndun: Laurent Dick og Jeff Schulz.
Ef þú værir ljósmynd hvaða ljósmynd værir þú? Sleðahundalið úti í villtri náttúrunni.

ODDVAR ÖRN

Fyrstu sex: 040277.
Uppruni: Ég er hálfur Íslendingur og hálfur Norðmaður og hef mest búið í Mosó og Vesturbænum.
Staða: Á krossgötum, í mótun, listamaður, ljósmyndari, verktafi, atvinnulaus.
Maki: 0
Æskudraumur: Langaði að vera einhver annar en ég, vera yfirnáttúrulegur, vinsæla og sæta stelpa í bekknum, flugliði, eineggja tvíburi, leikari, læra ballet, fara til Disney World, byrja með Kára, Hrafnkeli, Jóa eða Orra.
Framtíðardraumur: Hamingjusamari, prófa að búa í San Fransisco, eignast maka og fjölskyldu, verða betri dansari, að ríkið bjóði okkur standard-sólarlandarferðir á myrkum tímum, leika nýja steríótypu í GLEE, fá fastráðningu í Borgarleikhúsinu sem multipassi (t.d. ljósmynda og hugmynda- / imyndsmiður fyrir plakötin og auglýsingaefni), gera cover fyrir Björk, gæði og verð ávaxta og grænmetis verði betra á Fróni, að leynidraumurinn minn rættist, upplifa tíma sem heteróhyggja hverfur og að ég vinn ljósmynda-keppni Íslands.
Ef ég væri ljósmynd væri ég: Landslag, sennilega íslenskur grámi með úða og logni og jafnvel útlenskur skógur.



**Hefst
í kvöld**



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Vilhelm Anton Jónsson.
 Á forsíðu: 2. febrúar 2012.
 Fyrirsögn viðtals: Myndi titla mig „skapara“ í símaskránni.

Já, halló, Mónitor. Það er allt gott að fréttu af mér. Dáldið mikið að gera en það er betra en hitt. Ég er að vinna sem hugmynda-smiður á auglýsingastofunni Enn-Emm sem er alveg massamikið stuð. Frábært fólk og skemmtileg vinna. Svo er ég að gera útvarps-þættina mína sem eru sendir út á Rás 2 alla sunnudaga kl.11:00 og heita Nei hættu nú alveg. Þetta eru svona „useless information“-spurningar og gleði. 200.000 naglbítar eru líka að skríða í gang og verðum með tónleika í Hofi á Akureyri núna á föstudaginn langa kl 20:00 - allir að mæta. Svo erum við Sveppi og Góí að fara í nýja mynd í sumar. Og svo er ég að vinna í Vísindabók sem kemur út fyrir næstu júl... stuð og stemming, rokk og ról.



LOL-MAIL MONITOR

Blessuð og sæl Saga
 Það væri Saga til næsta bæjar að fá frá þér brandara.
 Kærar þakkir,
 Jón Ragnar

Veistu hvornig Godfather dó?
 -Hann Marlon Brando.

Veistu hvornig Lárperan dó?
 -Hún Avocado.

Svo var það náttúrulega sundfata-fyrirsætan sem Speedo.

Hefur þú heyr um þunglynda garðyrkjumanninn sem bara stóð og gat ekki beðið?

Ég skora á Uglu Egilsdóttur.
 Kærar kveðjur,
 Saga Gardarsdóttir, gjörningagrínisti

LOKAPRÓFIÐ

| 28. mars 2013 |
MONITOR
 skólinn

Ég heiti Þorsteinn

Dú veist hver ég er af því að ég var á balesíðu DV um helgina síli

Á laugardaginn síðasta vann ég ásamt Grétari og Grétari spurningakeppnina Gettu betur og það var í raun

- a) alveg einstök upplifun enda eitthvað sem mig hefur dreymt um í áraradír.
- b) algjör snilld því gellur fila gáfaða gaura.
- c) allt of létt dæmi og ég vona að þetta verði aðeins meira „challenge“ á næsta ári.
- d) geggið afrek af því að við vorum allir að keppa í fyrsta sinn í keppninni.
- e) bara formsatriði því að MR á alltaf að vinna þessa keppni.
- f) _____

Eftir keppnina fórum við í parti þar sem

- a) við stútuðum Hjóðnemanum enda við allir mökkaðir og höfðum ekki hugmynd um hvað við vorum að gera eða hvar við væru staddir í veröldinni.
- b) sviðsettum mynd þar sem Hjóðnemanninn var brotinn.
- c) Þórhildur Ólafsdóttir, Atli Freyr Steinþórssón, Edda Hermannsdóttir og Stefán Pálsson voru á meðal gesta.
- d) alls ekkert sviðsett mynd

Árni Johnsen hringdi í mig á dögnum

- a) til þess að spyrja hvort ég væri ekki til að bjóða mig fram í vor.
- b) og bauð mér og liðsfélögum mínum í Menntaskólanum í Reykjavík í ferð til Vestmannaeyja þar sem hann hyggst stunda siglingar með okkur.
- c) og sagði: „Sæll, þú mikli meistari. Værir þú til í að koma í afmæli hjá félagi mínum og bara pylja upp allt sem þú veist?“
- d) og spurði hvort hann mætti adda mér á Snapchat.
- e) þetta hlárlega í frammi

Ef ég væri ekki Þorsteinn Gunnar Jónsson væri ég til í að vera

- a) Þorsteinn J. Vilhjálmsson, sjónvarpsmaður
- b) Þorsteinn Guðmundsson, grínisti
- c) Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra Íslands
- d) Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja
- e) _____



af því að they got \$\$\$

Eiginhandarítunin mín lítur svona út: PJ#11

Nú þegar fimm dagar eru liðnir frá úrslitaviðureigninni man ég

- a) 100%
 - b) 83%
 - c) 56%
 - d) 37%
- af Gettu betur-fróðleikum mínum.

Besta tónlist í heimi kemur úr smíðju

- a) Mac Miller
 - b) Jurassic 5
 - c) bustinBytches
 - d) _____
- og þar er lagið chrytch í mestu uppáhaldi.

SATT OG ÓSATT

Mér finnst Grétar Guðmundur skemmtilegur en Grétar Þór leiðinlegur.

- S Ó
- Ég æli alltaf þegar ég sé hýðishrisgrjón. S Ó
- Ég er fráfr á fæti og léttur í lund en þó alltaf með báða fætur á jörðinni. S Ó



VEL GERT

Gylfi Þór Sigurðsson
 Það er óhjákvæmilegt að hrósa Gylfa Sigurðssyni fyrir frammi-stöðu hans með íslenska landsliðinu í knattspyrnu á föstudag í síðustu viku þegar þeir lögðu Slóvena á útivelli. Tvö glæsímörk frá þessu knattspyrnuundri tryggðu sigurinn og annað sætið í riðlinum Greinilegt að mars er mánuðurinn hans Gylfa.



ÉG HEF ALDREI

- ...gengið í skrokk á manneskju. Ég hef alltaf verið svo hræddur við ofbeldi. **1**
- ...verið með raunverulegar krullur. En mig langaði alltaf að vera eins og Stenni, vinur minn. **2**
- ...getað blótað jafn mikið og afi minn án þess að fá samviskubit. Ég græddi 3.500 kall á einum degi þegar ég rukkaði hann um tíkall fyrir hvert blótsyrði **3**
- ...sofið undir stýri. En ég hef samt alveg sofið í bíl en þó ekki undir bíl. **4**
- ...fengið mér fallett tattú. Ég lífi svo mikið í augnablikinu og hugsa ekki til framtíðar. **5**
- ...getað samið jafn fallega tónlist og mig hefði langað en ég get hlustað á tónlist. **6**

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Vikan í baksýnispegli Heimis Snæs Guðmunds

STAÐURINN: Stofan hjá Atla G. vini mínum. Hefur tilfinningalegt gildi fyrir mig þar sem ég kom að endurbótum á henni. Atli er duglegur að bjóða okkur vinunum í heimsókn og þá er gott að vera í stofunni.

STUNDIN: Átti gjör-samlega geggið kvöld með hinum nýstofnaða Hnefa. Þar koma góðir menn saman, gera vel við sig í mat og drykk. Það fátt betra en að rækta böndin með góðu fólki.

MATURINN: Laxinn í Hnefanum var ekki að gera sig en keilan var betri. Kaka ársins í eftirrétt var geggið. Annars geri ég litlar kröfur þegar kemur að mat en þeim mun meiri á góðan félagsskap við matarborðið.



MAÐURINN: Gylfi Sig. Var að gera semi-hluti á móti Slóveniu og setti tvö sem er ágætt. Gaurinn er bara djók, mikið rosalega er þetta líka flottur strákur, hógvær og auðmjúkur. Sónn fyrirmynd.

LAGIÐ: Stefið sem kemur alltaf áður en Páskameistarinn í bítinu byrjar. Hlusta alltaf á leið í vinnuna, úrslitaviðureignin er á morgun miðvikudag. Þið lesið þetta á fimmtudegi svo þið vitið hver vann. Ég held að Klara vinni.

FRÉTTIN: Allar fréttirnar á Vísi um meistara KJ 4# Kjartan Atla Kjartansson, vin minn, rappara og körfuboltamann í Stjórnunni. Hann er að vinna sálfræðistríðið við Keflvíkina.





#monitormynd

Ert þú í Instahring Monitor?

Bondaðu við okkur með hashtagginu **#monitormynd**.
Vikulega getur þú svo nælt þér í vinninga með því
að notast einnig við hashtag vikunnar.

Hashtag vikunnar 28. mars - 4. apríl er **#páskar**
en hæfileikaríkir Instagrammar gætu nælt
sér í gjafabréf á hina einu sönnu Hamborgarafabrikk.

MONITOR

burn

STOLTUR STYRKJARAÐILI AK EXTREME FRÁ UPPHAFI



Daniel Magnússon.
Elsti keppandinn í ár!



Hjð sívinsæla **BURN Jib mót**
á föstudagskvöldinu í göngugötunni
á Akureyri kl. 21.00



Dagbjartur Ólafsson - Sigurvegari
í Gámastökksmötinu árið 2012



Þar sem tunnurnar eru
þar er sko **BURN Teiti!**



Slakað á i gilinu yfir
ljúfum tönum.

BURN PARTY á föstudagskvöldinu á Græna
hattinum kl. 23.00 eftir Jib mótið.

EKKI MISSA AF **AK EXTREME** 4.-7. APRÍL Á AKUREYRI



Græni hatturinn um helgina

Hægt er að kaupa armband á Græna hattinn 4.-6. apríl.
Miðaverð í forsölu 3.000 kr.

Söluastaðir:

www.midi.is
Brim, Laugavegi og Kringlunni
Eymundsson Akureyri

Fram koma:

Úlfur Úlfur - Últra Mega Techno Bandið Stefán - Emmsjé Gauti - Dj Harold a.k.a
Halldór Helgason - TRVP Nights - Champions of Death - Óli Ófúr - Konni Conga
Trust the Lies - Ugly Alex - LARRY BRD - DJ Egill (TRVP Nights) - THOR

VINNUR ÞÚ FLUGMÍÐA + GISTINGU + ARMBAND Á AK EXTREME 2013 ?
TÉKKAÐU Á BURN ÁSKORUNINNI Á WWW.BURN.IS

 **burn**
KVEIKIR Í ÞÉR